

Reglugerð nr. 19

Reglugerð kvennanefndar

1.1 Kvennanefnd ÍHÍ skal skipuð að lágmarki þremur og að hámarki fimm aðilum sem skipta með sér verkum. Stjórn ÍHÍ tilnefnir í nefndina og skal stjórnarmaður veita nefndinni forystu.

1.2 Hlutverk kvennanefndar er að starfa að málum er snúa að íshökkíi kvenna.

1.3 Kvennanefnd skal móta og viðhalda stefnu fyrir framþróun íshökkís kvenna á Íslandi.

1.4 Kvennanefnd skal gera áætlun um þróun á íshökkí kvenna á Íslandi bæði til skamms og lengri tíma og vinna að því að áætluninni sé fylgt eftir.

1.5 Kvennanefnd skal styðja við starfssemi annarra nefnda í málum er lúta að íshökkíi kvenna.

1.6 Halda skal fundi eins oft og þurfa þykir og er heimilt að halda símafundi.

1.7. Kvennanefnd skal skila skýrslu um starfsemi sína til stjórnar ÍHÍ mánuði fyrir Íshökkíþing.